

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Jafet Ólafsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>8</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Jafet Ólafsson (JÓ) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	2.2.2022
	<b>Frá kl.:</b>	
	<b>Til kl.:</b>	
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b>	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir eru vistaðar á bridge.is.
2	<u>Ársþing 2022</u> Ársþingið verður haldið 20. febrúar næstkomandi kl. 15:00. JÓ mun óska eftir því við Kristján Má að hann verði fundarstjóri á ársþinginu. ÓP sér um frágang á ársreikningi og JÓ gengur frá ársskýrslu fyrir þingið. HE vinnur að því að klára lagabreytingartillögur í samstarfi við valda aðila. Hann mun setja lagabreytingarnar inn á netið til kynningar við fyrsta tækifæri. Framboð til stjórnar liggja fyrir. JÓ mun hætta sem forseti og Brynjar Níelsson býður sig fram til forseta. SI hættir í stjórn en aðrir núverandi stjórnarmeðlimir gefa kost á sér áfram. Dagbjört Hannesdóttir býður sig fram til stjórnar. HE mun tilkynna á Bridgespjallinu á Facebook hverjir eru í framboði til stjórnar. JÓ mun minnast þeirra bridgespilara sem fallið hafa frá síðastliðið ár. ÓP og MI sjá um veitingar á ársþinginu. JÓ mun veita Sverri Kristinssyni viðurkenningu fyrir vinnu við að setja upp heimasíðu BSÍ.
3	<u>Samningur við menntamálaráðuneytið</u> Drög að samningi BSÍ við ráðuneytið liggja fyrir ásamt mögulegum viðauka. MI fór yfir.
4	<u>Mót fram undan</u> Rætt var um mögulega dagsetningu fyrir seinni hluta Deildakeppninnar. Stjórnin leggur til að Deildakeppnin komi í stað Íslandsmóts í tvímenningi helgina 5. og 6. mars. Í staðinn verði Íslandsmót í tvímenningi fært yfir á haustmisseri 2022. SPS fer yfir með mótanefnd.
5	<u>Heimsmeistaramótið í heldri manna flokki</u> Mótið mun fara fram í mars næstkomandi. Undirbúningur gengur vel og verið er að sækja um styrki vegna þátttöku Íslands.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
6	<p data-bbox="336 259 464 293"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 309 1334 376">Bridgeskólinn mun halda námskeið í mars. Þegar er góð skráning á tvö námskeið og Guðmundur Páll hefur rætt um að bæta við námskeiðum.</p> <p data-bbox="336 392 1262 492">Margar hugmyndir eru á lofti um frekari bridgekennslu. Má sérstaklega nefna fyrirhugað námskeið fyrir eldri borgara og annað námskeið í samstarfi við Kennarasambandið sem Páll Þórsson mun hafa umsjón með.</p>